Nr. 16.
15.
oktbr.

Lög

um

sölu prentsmiðju Íslands í Reykjavik.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi, og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Stjórnarherranum fyrir Island veitist heimild til, ef kaupandi býðst, að selja prentsmiðju Íslands ásamt áhöldum hennar, bókaleyfum þeim og útistandandi bókaskuldum, sem voru 1. janúar 1875, með þeim nákvæmari skilyrðum, sem tiltekin verða í kaupsamningnum, þó eigi fyrir minna en 20,000 kr.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 15. dag oktbrm. 1875.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Nellemann.

Lov

om

Salg af Islands Bogtrykkeri i Reykjavik.

Nr. 16.
15.
Oktbr.

Vi Chriſtian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holſten, Stormarn, Ditmarſken Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke ſtadfæſtet følgende Lov:

Miniſteren for Island bemyndiges til, ſaafremt en Kjøber melder ſig, at afhænde Islands Bogtrykkeri med dets Tilbehør, Beholdning af Bøger og udeſtaaende Reſtancer for ſolgte Bøger, ſaaledes ſom dette forefandtes den 1ſte Januar 1875, paa de Betingelſer, der nærmere maatte blive faſtſatte i den eventuelle Kjøbekontrakt, dog at Kjøbeſummen ikke ſættes lavere end 20,000 Kroner.

Hvorefter alle Vedkommende ſig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 15de Oktober 1875.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

Nellemann.